

JAFNRÉTTI, KYNHEILBRIGÐI OG VELFERÐ Á ÖLLUM SKÓLASTIGUM Í GARÐABÆ

Stöðuskýrsla · nóvember 2013



MENNTA · KLÍF
SKÓLASAMFÉLAG GARÐABÆJAR

Ásta Sölvadóttir
Ágústa Guðmundsdóttir

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	3
2. HUGMYND FÆR BRAUTARGENGI Í GRASRÓTINNI.....	4
2.1. Umsókn í Sprotasjóð	4
2.2. Stýrihópur tekur til starfa.....	5
2.3. Markmið, afrakstur, miðlun og rökstuðningur verkefnis.....	6
2.4. Áætlaður afrakstur verkefnisins:.....	6
2.5. Hvernig verður staðið að miðlun á afrakstri verkefnisins?	6
2.6. Rökstuðningur fyrir því að Sprotasjóður veiti umsækjendum styrk.....	6
3. SKILGREINDIR VERKÞÆTTIR.....	8
3.1. Greining á stöðu	8
3.2. Forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn ofbeldi gagnvart börnum og fræðsluáætlun um jafnrétti, kynheilbrigði og velferð	8
3.3. Innleiðing áætlana í skólanámskrár	8
3.4. Starfendarannsóknir	8
3.5. Eftirfylgni	9
4. STÖÐUSKÝRSLAN: GREINING Á STÖÐU.....	10
4.1. Gagnaöflun	10
4.2. Skilgreining lykilhugtaka:.....	11
5. Upphafsstaða samstarfsaðila	13
5.1. Leikskólar í Garðabæ.....	13
5.2. Hjallastefnan í Garðabæ.....	14
5.3. Flataskóli	15
5.4. Hofsstaðaskóli	16
5.5. Sjúalandsskóli	17
5.6. Álftanesskóli	18
5.7. Garðaskóli.....	20
5.8. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ.....	22
5.9. Heilsugæslan í Garðabæ.....	23
5.10. Grunnstoð Garðabæjar.....	24
5.11. Ungmennafélagið Stjarnan.....	25
5.12. Klifið skapandi fræðslusetur	25
6. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐUR	27
6.1. Stig flokkunar í töflu:.....	27
6.2. Yfirlit yfir verkefni, námsefni og fleira	28
7. Næstu skref	29
HEIMILDASKRÁ	31

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir upphafsstöðu allra samstarfssaðila í verkefninu *Jafnrétti, kynheilbrigði og velferð í Garðabæ (JK – velferð)*. Sagt er frá tildrögum verkefnisins, gagnaöflun og aðferðum við greiningu gagnanna. Gerð verður grein fyrir því með hvaða hætti fræðsla um þessi viðfangsefni fer fram í stofnunum í dag.

Verkefnið er meðal mikilvægustu verkefna sem unnið er að í samfélaginu og gott til þess að vita að í nærsamfélaginu ætli allir að leggjast á eitt til þess að fyrirbyggja ofbeldi gegn börnum og vinna að kynheilbrigði og jafnrétti á öllum skólastigum. Með tilkomu fullgildingar íslenskra stjórnvalda árið 2012, á samningi Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og kynferðislegri misneytingu barna sem samþykktur var á Lanzarote árið 2007 (Council of Europe, 2007) hófst sú vinna sem hér er farin af stað.

Haustið 2012 var ýtt úr vör verkefni á vegum þriggja ráðuneyta; Innanríkisráðuneytis, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Velferðarráðuneytis sem ber nafnið „Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum”.¹ Haldin voru þing víðsvegar um landið sem leidd voru af verkefnastjórn verkefnisins. Tilmæli komu frá verkefnastjórninni um að skólar tilnefndu tengilið við verkefnið í hverjum skóla.

Árið 2013 var ákveðið að vitundarvakningunni yrði falið víðtækara hlutverk og að hún nái einnig til andlegs og líkamlegs ofbeldis gegn börnum. Málaflokkur þessi er bæði yfirgripsmikill og vandmeðfarinn. Með það í huga förum við af stað í þá vinnu sem fyrir okkur liggur til þess að allir þeir sem koma að vinnu með börnum í sveitarfélaginu Garðabæ fái notið ábyrgðar og faglegrar fræðslu um þau verkefni sem bíða okkar. Þannig getum við lagt okkar af mörkum til að gera samfélag okkar öruggara og upplýstara.

Hér í Garðabæ hefur verið stofnaður samráðshópur þvert á skólasamfélagið með helstu hagsmunaaðilum. Samráðshópurinn hefur aflað gagna um á sínum vinnustað sem birt eru í skýrslunni. Hópurinn heldur úti lokaðri samfélagssíðu á Facebook og hefur aðgang að sameiginlegu vinnusvæði á Dropbox. Stofnaður hefur verið fjögurra manna stýrihópur sem leiðir vinnuna og heldur utan um verkefnið. Hlutverk stýrihópsins er meðal annars að setja á laggirnar vefsvæði og halda utan um verkefnið og afurðir þess á verkefnatímanum sem er tvö ár.

¹ Vefur vitundarvakningarinnar: <http://www.velferðarraduneyti.is/vitundarvakning/>

2. HUGMYND FÆR BRAUTARGENGI Í GRASRÓTINNI

Í kaflanum verður greint frá tildrögum verkefnisins, frá hugmynd að veruleika. Fyrstu skrefin voru stigin fyrsta febrúar 2013, þegar áhugahópur um kynjafræði á öllum skólastigum hittist í Garðabæ. Sagt var frá áðurnefndu fræðsluþingi um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum sem haldin var á vegum ráðuneytanna þriggja haustið 2012, þar sem blásið var til vitundarvakningar um kynferðislegt ofbeldi og kallað eftir opnari umræðu um málefnið. Í framhaldi af ráðstefnunni hefur tilmælum verið beint til skóla að móta skýra stefnu um forvarnir og fræðslu á þessu sviði. Sameiginlegt verkefni samráðsaðilanna í Garðabæ er ætlað að mæta þessu kalli.

Elísabet Gunnarsdóttir, kennari í Álfthanesskóla er drifffjöldur verkefnisins. Elísabet orðar tildrög verkefnisins í Garðabæ á þessa leið:

Ég hugsaði að þarna væri komin farvegur til þess að koma þeim hugmyndum sem ég hef gengið með í maganum um allnokkuð skeið á framfæri. Sú upplýsing sem í því felst að fjalla opinskátt um jafn viðkvæm mál og málefni barna sem orðið hafa fyrir misnotkun og ofbeldi er svo sannarlega orðin tímabær. Með því að hefja almenna umræðu um málaflokkinn erum við að svipta hulunni af glæpum sem framdir eru gegn börnum. Því verður mikilvægi þess að fræða og upplýsa almenning um þessi mál seint ofmetin.

Hópurinn hittist á nýjan leik áttunda febrúar og þá var tekin ákvörðun um að sækja um styrk fyrir verkefnið í Sprotasjóð. Elísabet Gunnarsdóttir, Álfthanesskóla, tók að sér að halda utan um þá vinnu. Allir í hópnum voru beðnir um að hugleiða hvaða verkþætti þeir vildu helst vinna og jafnframt beðnir um að vera tilbúnir að bjóða sig fram í verkefni eftir því sem þau verða skilgreind í umsókn um verkefnið. Vinnuheiti verkefnisins var í upphafi „*Kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum í Garðabæ*“. Á fundinum var jafnframt sagt frá námskeiði hjá Endurmenntun Háskóla Íslands um „Kynja- og jafnréttisfræðslu á mið- og efsta stigi grunnskóla“ hjá Hönnu Björgu Vilhjálmssdóttur og voru fundarmenn hvattir til að skoða þennan möguleika. Sextán aðilar voru í hópnum á þessum tímapunkti. Á síðari stigum hefur heiti verkefnisins þróast yfir í heitið: *Jafnrétti, kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum í Garðabæ* (JK-velferð).

2.1. Umsókn í Sprotasjóð

Í lok febrúar 2013 sótti hópurinn um styrk í Sprotasjóð að upphæð 4.800.000 kr. Umsóknin hlaut styrk úr sjóðnum að upphæð kr. 2.200.000 og er skilgreindur verktími verkefnisins til maí 2015.

Þriðji fundur hópsins var haldinn 11. júní þar sem farið var yfir markmið verkefnisins eins og þau voru skilgreind í umsókn til Sprotasjóðs:

Markmiðið er að efla og koma á heildstæðri stefnu og samræmdum verkferlum um kynheilbrigði og velferð í þeim stofnunum sem koma að starfi með börnum og unglingum í Garðabæ.

Þetta yfirmarkmið greinist í þrjú undirmarkmið:

- Samin verði forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum.
- Samin verði fræðsluáætlun um kynheilbrigði og velferð fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra allra skólastiga.
- Eftirfylgni með að fræðslu-, forvarnar- og viðbragðsáætlanir fari í framkvæmd í öllum skólum, félagsmiðstöðvum og íþróttafélögum í Garðabæ.

Samráðshópurinn var nú skipaður 25 einstaklingum frá 20 stofnunum í Garðabæ; leikskólum, grunnskólum, FG, Stjórnunni, tómstundaaðilum, heilsugæslu og nefndum bæjarins. Ákveðið var að ráða þriggja manna stýrihóp sem tæki við utanumhaldi um verkefnið. Þrír aðilar buðu sig fram í stýrihópinn: Elísabet Gunnarsdóttir, Guðrún Helga Sigurðardóttir og Ásta Sölvadóttir. Á fundinum var samþykkt að þær myndu skipa stýrihópinn nema athugasemdir kæmu fram, þegar fundargerð hefði borist öllum aðilum verkefnisins. Tveir af þessum þremur fulltrúum starfa í grunnskólum og verða því að hafa í huga að þjóna þörfum og óskum annars konar stofnana. Hlutverk stýrihóps verður að halda utan um framvindu allra verkþátta, fundi samráðshóps, skýrslugerð og frágang verkefnisins. Stýrihópur mun hafa 900.000 krónur til umráða til að greiða fyrir verkefnastjórnunina. Þar að auki á stýrihópurinn að leggja fram tillögu um hvernig öðrum fjármunum verði varið í verkefnið.

Fjármögnun þróunarverkefnisins er eftirfarandi:

- Styrkur úr Sprotasjóði: 2.2 milljónir

5. júní 2013: 880.000 kr.

30. júní 2014: 880.000 kr.

30. júní 2015: 440.000 kr.

- Forvarnarnefnd Garðabæjar:

Styrkur til að vinna stöðumat í upphafi verkefnis. Gagna aflað frá öllum aðilum verkefnisins og skýrsla skrifuð. Forvarnarnefnd hefur ráðið Klifið, skapandi fræðslusetur í Garðabæ, til verksins og er undirbúningur að gagnaöflun hafin.

- Þátttökuaðilar:

Húsnæði, efniskostnaður o.fl.

Vinna starfsmanna á vinnutíma og símenntunartíma.

2.2. Stýrihópur tekur til starfa

Stýrihópurinn tók til starfa í júní. Ágústa Guðmundsdóttir og Ásta Sölvadóttir, verkefnastjórar frá Menntaklifinu, bættust í stýrihópinn í júní. Hópurinn hittist einu sinni í júní og tvisvar í ágúst. Bréf var sent til samráðsaðila þann 27. ágúst og boðað til fundar þann 2. september. Í september var fjöldi samráðsaðila kominn upp í 30 manns.²

2. september fór verkefnið formlega af stað en þá var fyrsti verkþáttur verkefnisins kynntur, en hann fól í sér gagnaöflun vegna stöðuskýrslu við upphaf verkefnis. Á fundinum var jafnframt ákveðið að nýta samskiptamiðilinn Facebook til þess að koma upplýsingum og hugmyndum á framfæri við samráðshópinn auk tölvupóstssamskipta. Ætlunin er að setja upp sameiginlega Dropbox möppu sem vinnusvæði fyrir gögn verkefnisins. Allir þátttakendur munu þannig hafa aðgang að öllu efni sem viðkemur verkefninu. Auk þess verður verkefnið sett upp á heimasíðu Menntaklifsins, en það er vettvangur fyrir skólasamfélag Garðabæjar.

Á fundinum þann 2. september kom fram ábending frá hópnum um að það vanti inn jafnréttisþáttinn í verkefnið og var í kjölfarið ákveðið að breyta nafninu á verkefninu í „*Jafnrétti, kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum í Garðabæ*”. Vakin var athygli á því að vitundarvakningin nái nú einnig til ofbeldis og vanrækslu á börnum. Umræður sköpuðust um að

² Nafnalisti þátttakenda í samráðshópnum. Sjá fylgiskjal 1

jafnrétti væri yfirheiti og kynferðisofbeldi væri þá undir þeim þætti. Þar sem vitundarvakningin nær einnig til vanrækslu á börnum var ákveðið að hafa samband við Margréti Hjaltested, hjá fjölskyldusviði Garðabæjar. Einnig var ákveðið að tala við Vilhjálm Kára Haraldsson hjá Garðabæ, en hann er tengiliður við ungmennaráðið í Garðabæ.

2.3. Markmið, afrakstur, miðlun og rökstuðningur verkefnis

Markmið verkefnisins er að efla og koma á heildstæðri stefnu og samræmdum verkferlum um jafnrétti, kynheilbrigði og velferð í þeim stofnunum sem koma að starfi með börnum og unglingum í Garðabæ. Þetta yfirmarkmið greinist í þrjú undirmarkmið:

1. Samin verði forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi gegn börnum.
2. Samin verði fræðsluáætlun fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra allra skólastiga.
3. Eftirfylgni með að fræðslu-, forvarnar og viðbragðsáætlanir fari í framkvæmd í öllum skólum, félagsmiðstöðvum, tómstunda- og íþróttafélögum í Garðabæ.

2.4. Áætlaður afrakstur verkefnisins:

Að starfsmenn allra skóla í Garðabæ vinni í sameiningu að því marki að auka umfjöllun um kynheilbrigði og velferð og að verkferlar á þessu sviði séu samræmd.

- Forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi gegn börnum sem birt er á vefsíðum allra skóla í Garðabæ.
- Fræðsluáætlun sem lýsir framvindu kennslu varðandi kynheilbrigði og velferð frá leikskóla til framhaldsskóla. Fræðsluáætlunin nær til verkefna sem unnin eru með nemendum, starfsfólki og foreldrum.
- Samráðshópur um kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum í Garðabæ verði festur í sessi sem samstarfsvettvangur skólanna á þessu sviði.

2.5. Hvernig verður staðið að miðlun á afrakstri verkefnisins?

Verkefnið verður kynnt á heimasíðum Garðabæjar, Menntaklifsins, skólanna, frístundamiðstöðva, tómstunda- og íþróttafélaga auk þess sem fulltrúar úr samráðshópnum munu heimsækja stjórnendur, skólaráð, starfsmannafundi, nemendaráð, nefndir Garðabæjar og foreldrafundi íþróttafélaga til að segja frá verkefninu. Erindi um framgang og afrakstur verkefnisins verður sett saman til að kynna á ráðstefnum á vegum Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Samtaka áhugafólks um skólaþróun.

2.6. Rökstuðningur fyrir því að Sprotasjóður veiti umsækjendum styrk

Garðabær er hæfilega stórt samfélag til að hýsa fjölbreytta skóla sem vinna náið saman að ýmsum verkefnum. Tengslanet þeirra sem starfa í skólunum er sterkt og viðhaldið bæði með miðstýrðum verkefnum og fyrir frumkvæði aðila úti í einstökum skólum. Tengslanet skólanna nær auk þess út í félagsmiðstöðvar og íþróttafélög og auðvelt er að koma á samskiptum milli aðila. Í undirbúningi þessa verkefnis hefur orðið til samstarfshópur fulltrúa leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsmiðstöðva, tómstunda- og íþróttafélaga í sveitarfélaginu.

Hópurinn er samhuga um mikilvægi þess að styrkja kennslu í kynjafræði á öllum skólastigum og að unnið sé skv. samræmdum verkferlum. Í hópnum sitja fulltrúar kennara, stjórnenda, náms- og starfsráðgjafa og félagsmálafulltrúa auk fulltrúa íþróttafélaga og nefnda Garðabæjar. Auk þess vinna með hópnum tvær ungar konur sem eru fyrrverandi nemendur í skólum Garðabæjar og vilja taka þátt í að efla kynjafræðimenntun í skólunum.

Verkefnið um *jafnrétti, kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum í Garðabæ* er mikilvægur liður í innleiðingu grunnþátta menntunar eins og þeim er lýst í Aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2011. Verkefnið mætir einnig viðmiðum sem getið er í reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað og reglugerð 2040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélags í grunnskólum. Þeir verkferlar sem verkefninu er ætlað að styrkja munu sinna þörfum barna og unglinga í Garðabæ varðandi heilbrigði og velferð með sérstaka áherslu á kynheilbrigði sem nauðsynlegt er að líta á sem líkamlegt, andlegt og félagslegt fyrirbæri. Þetta þýðir að skólanámskrár eigi að gefa skýrt svigrúm til umfjöllunar um sjálfsmynd, kynferði og kynímyndir, jafnrétti kynjanna og hegðun og ábyrgð einstaklinga í samskiptum sínum við aðra. Grunnþátturinn jafnrétti er rauður þráður í gegnum verkefnið þar sem fjallað er um samskipti kynjanna og valdahlutföll milli karla og kvenna, barna og fullorðinna.

Þróunarverkefnið byggir á grunni ýmissa verkefna sem nú þegar eru til staðar í skólum, félagsmiðstöðvum og íþróttafélögum Garðabæjar. Byrjað verður á að greina hvaða verkefni og verkferlar eru til staðar, nýta áfram það sem vel er gert, finna betri lausnir á því sem ekki er nógu gott og bæta við verkefnum þar sem þörf er á.

Markmið verkefnisins er að skapa skýra heildarmynd og framvindu fyrir skóla, frístundastarf og íþróttafélög í Garðabæ um leið og svigrúm verður tryggt fyrir sjálfstæði hvers aðila til að aðlaga verkefni að sínum þörfum.

3. SKILGREINDIR VERKÞÆTTIR

Samkvæmt Sprotasjóðsumsókninni hafa verkþættir verkefnisins verið brotnir niður í eftirfarandi verkþætti sem ná yfir tveggja ára tímabil. Samstarfshópnum og stýrihópnum er ætluð mismunandi hlutverk á tímabilinu.

3.1. Greining á stöðu

Tímabil: 15. ágúst – 31. nóvember 2013

Afurð: Yfirlit yfir verkefni á sviði kynheilbrigðis- og velferðar hjá lykilsamstarfsaðilum.

- 2. september – 30. október: Tengiliðir safna saman gögnum í sinni stofnun / félagi.
- 1. nóvember – 31. nóvember: Verkefnastjórn vinnur úr innsendum gögnum og setur fram í stöðuskýrslu.

3.2. Forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn ofbeldi börnum og fræðsluáætlun um jafnrétti, kynheilbrigði og velferð

Tímabil: 1. desember 2013 – 1. júní 2014

Þá hefst annar verkþáttur verkefnisins sem felur í sér að búa til:

1. Samin verði forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi gegn börnum
2. Samin verði fræðsluáætlun er varðar jafnrétti, kynheilbrigði og ofbeldi fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra allra skólastiga

Gert er ráð fyrir að vinna við gerð áætlanna standi yfir í vetur, eða til 1. júní 2014. Samstarfshópnum verður skipt upp í minni vinnuhópa.

Afurð:

- a) Tilbúin áætlun kynnt í skólasamfélaginu og birt á vefsíðum allra skólanna.
- b) Tilbúin áætlun sem gefur leiðbeiningar um hvaða verkþættir eiga að vera til staðar í skólanámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsmiðstöðva, frístundamiðstöðva, tómstunda- og íþróttafélaga í Garðabæ. Áætluninni fylgir viðauki sem geymir verkefnabanka, kennsluleiðbeiningar og ábendingar um námsefni og aðferðir sem gott er að beita í kynjafræðimenntun.

3.3. Innleiðing áætlana í skólanámskrár

Tímabil: 1. apríl 2014 – 1. nóvember 2014

Innleiðing áætlanna tveggja mun eiga sér stað á tímabilinu 1. apríl – 1. nóvember 2014.

Afurð: Allar áætlanir birtar á vefsíðum skólanna og nánari útfærslur skilgreindar í skólanámskrám.

3.4. Starfendarannsóknir

Tímabil: Skólaárið 2014 - 2015

Afurð: Samráðshópar kennara og annarra starfsmanna. Greining á vinnu starfsmanna í skólunum. Í hópnum byggist upp þekking og reynsla.

3.5. Eftirfylgni

Tímabil: 1. janúar – 15. júní 2015

Afurð: Mat á því hvort áætlanir og verkferlar komast í framkvæmd. Samráðshópurinn festur í sessi í sveitarfélaginu.

Eftirfylgni með að fræðslu- forvarnar- og viðbragðsáætlanir fari í framkvæmd hjá öllum samráðsaðilum í Garðabæ fer fram 1. janúar – 15. júní 2015, en þá lýkur verkefninu formlega með heildstæðri stefnu og samræmdum verkferlum um kynheilbrigði og velferð í þeim stofnunum sem koma að starfi með börnum og unglingum í Garðabæ.

Stöðuskýrsla verði tilbúin í júní 2014, lokaskýrsla tilbúin í júní 2015.

4. STÖÐUSKÝRSLAN: GREINING Á STÖÐU

Fyrsti verkþáttur: Yfirlit yfir verkefni á sviði jafnréttis, kynheilbrigðis- og velferðar hjá lykilsamstarfsaðilum.

Verktími: 15. ágúst – 1. nóvember 2013

Tímabil: 15. ágúst – 31. nóvember 2013

- 2. september – 30. október: Tengiliðir safna saman gögnum í sinni stofnun / félagi.
- 1. nóvember – 31. nóvember. Verkefnastjórn vinnur úr innsendum gögnum og setur fram í stöðuskýrslu.

Afurð: Yfirlit yfir þau verkefni á sviði jafnrétti, kynheilbrigðis og velferðar sem unnin eru í skólunum í Garðabæ. Yfirlit yfir verkefni á sviði kynheilbrigðis- og velferðar hjá lykilsamstarfsaðilum.

4.1. Gagnaöflun

Formleg vinna samráðshópsins hófst 2. september sl. með kynningarfundum stýrihóps og samstarfshóps í Flataskóla. Fyrsti liður verkefnisins fólst í því að taka saman yfirlit yfir það forvarnar- og kynningarefni sem er notað nú þegar í starfi með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu.

Stýrihópurinn kynnti samráðshópnum word skjal³ til þess að hafa til hliðsjónar við gagnaöflun á hverjum vinnustað, en þátttakendur í samráðshópnum fengu það hlutverk að safna saman gögnum um fræðslu um jafnrétti, kynheilbrigði og velferð á sínum vinnustað. Áætlun frá Álfstanesskóla var höfð til hliðsjónar við gerð wordskjalsins.

Gagnaöflunin fór fram í september, október og nóvember. Lengri tíma tók að safna gögnum frá samráðsaðilum er áætlað var í upphafi. Afurðin, stöðuskýrslan felur í sér *yfirlit yfir verkefni á sviði jafnréttis, kynheilbrigðis- og velferðar hjá lykilsamstarfsaðilum*.

Tengiliðir verkefnisins í hverri stofnun eða félagi fengu það verkefni að taka saman gögn á sínum vinnustað og koma þeim á leiðis til verkefnastjórnar. Gögnum var skilað til verkefnastjórnar á netfangið: menntaklif@gardabaer.is


Gagnaöflun gekk vel og sáu tengiliðir í samstarfshópnum alfarið um öflun þeirra í sinni stofnun eða félagi. Hver og einn tengiliður fékk í hendurnar wordskjal til þess að fylla inn í til þess að gæta samræmis í upplýsingaöflun. Skjalið sem notað var til upplýsingaöflunar byggir á samantekt frá Álfstanesskóla, frá liðnu vori.

Upplýsingunum frá hverri stofnun var skeytt saman í yfirlitstöflu til að gefa heildarmynd yfir það forvarnar- og kynningarefni sem notað er í dag hjá þátttakendum í samstarfsverkefninu.

³ Grunnskal til útfyllingar. Sjá fylgiskjal 2

Yfirlitstaflan var send stjórnendum stofnana hjá samstarfsaðilum til yfirlesturs í október og höfðu þeir tækifæri til þess að koma með athugasemdir ef einhverjar voru.

4.2. Skilgreining lykilhugtaka:



Velferð: Æskileg, hagfelld eða hagsæl staða einstaklinga eða hópa í efnislegu, félagslegu og andlegu tilliti (Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir, 2013, bls. 13) .

Jafnrétti: Hér er einkum átt við kynjajafnrétti, jafnréttisbaráttu og jafnréttismál. Jafnrétti er hugtak sem nær til margra þátta eins og aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ættarnis og þjóðernis. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda umburðarlyndis og jafnréttis (Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2013, bls. 6).

Ofbeldi: Ofríki eða valdbeiting. Hér er átt við kynbundið ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum. Í breytingum á 30 . grein grunnskólalaga (sjá þskj . 1290–747 . mál) er gert ráð fyrir að grunnskólar „hafi heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi“. Þar kemur fram að „allir grunnskólar skuli fylgja heildstæðri stefnu til að fyrirbyggja ofbeldi af öllu tagi, hvort sem um er að ræða líkamlegt, andlegt, kynferðislegt eða félagslegt ofbeldi“. Skólar skulu einnig, samkvæmt barnaverndarlögum (80/2002), hafa áætlun um framkvæmd tilkynningaskyldu þar sem því er lýst „hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun“. Barátta gegn ofbeldi er nátengd baráttu fyrir jöfnuði, virku lýðræði og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins (Kristín Dýrfjörð o.fl., 2013, bls. 24).

Kynbundið ofbeldi er ofbeldi á grundvelli kynferðis og leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þolenda. Hótanir um ofbeldi af þessu tagi, þvingun eða svipting frelsis á grundvelli kynferðis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi, telst einnig til kynbundins ofbeldis. Undir kynbundið ofbeldi flokkast nauðganir, mansal, vændi, ofbeldi í nánnum samböndum, kynferðisleg áreitni og klám (Kristín Dýrfjörð o.fl., 2013, bls. 21).

Kynheilbrigði: Proski manneskjunnar sem kynveru hefst í móðurkviði og lýkur við ævilok. Því skiptir miklu máli að þekkja þroskaferli hvers aldurskeiðs, greina þarf á milli þess sem eðlilegt er og þess sem þurfi að gefa sérstakar gætur. Ástæða er að vera á varðbergi ef leikur barna eða teikningar fela í sér valdboð, vanlíðan, hótanir, yfirráð ofbeldi eða atferli sem óeðlilegt megi teljast. Ef grunur kviknar um að barn eða unglingur hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun ber samkvæmt lögum að tilkynna þann grun til barnayfirvalda. Samkvæmt lögum og reglugerðum hvílir sú skylda á heilbrigðisstarfsfólki og kennurum að veita nemendum kynfræðslu. Skólum ber skv. aðalnámskrá að leggja áherslu á kynheilbrigði. Starfsfólk skóla þarf að búa yfir nauðsynlegri þekkingu til að hægt að sé að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir, hlusta á og leiðbeina fordómalaust (Margrét Héðinsdóttir o.fl., 2013, bls. 42-46).

5. Upphafsstaða samstarfsaðila

Þátttakendur í verkefninu starfa allir innan sveitarfélagsins Garðabæ. Meðal samstarfsaðila eru leikskólar og grunnskólar reknir af Garðabæ, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Hjallastefnan í Garðabæ, UMF Stjarnan, Klifið skapandi fræðslusetur og Heilsugæslan í Garðabæ. Hér á eftir verður gerð grein fyrir samstarfsaðilum og stöðunni hjá hverjum og einum í upphafi verkefnis.

5.1. Leikskólar í Garðabæ

Í Garðabæ eru ólík rekstrarform á leikskólastigi og 13 mismunandi stofnanir sinna börnum á skólastigi í sveitarfélaginu. Garðabær rekur sex leikskóla og þrír einkareknir leikskólar starfa samkvæmt þjónustusamningi við Garðabæ. Tveir sjálfstætt starfandi skólar eru í Garðabæ; leikskóladeild Barnaskóla Hjallastefnunnar og fimm ára deild Alþjóðaskólans. Auk þessa er 5 ára bekkur í Flataskóla. Starfsemi leikskóla fellur undir fræðslu- og menningarsvið. Þar starfar leikskólafulltrúi og sérfræðingar sem veita leikskólakennurum og foreldrum ráðgjöf. Öll börn sem eru orðin 18 mánaða þegar skólaárið hefst, 1. september ár hvert, eiga kost á leikskóladvöl.

Verkefni sem tengjast jafnrétti, kynheilbrigði og ofbeldi og nýtt eru með reglubundnum hætti í leikskólum í Garðabæ eru:

Jafnréttisfræðsla

- **Þegar Friðrik var Fríða og þegar Rósa var Ragnar:** Bókinni er ætlað að skapa umræður með ungum börnum um kynhlutverk og jafnrétti og vinna gegn staðalmyndum kynjanna og hefðbundnu starfsvali.
- **Ég á tvær mömmur og engan pabba:** B.Ed. verkefni um hvernig leikskólar geta unnið að fræðslu um ólíkar fjölskyldugerðir.
[http://skemman.is/stream/get/1946/926/1333/1/Ég á tvær mömmur og engan pabba-heild.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/926/1333/1/Ég_á_tvær_mömmur_og_engan_pabba-heild.pdf)
- **Tumi og Magga** þýdd af Önnu Valdimarsdóttir. Um vináttu stráks og stúlku.
- **Þú ert frábær** eftir Max Lucado. Bók um margbreytileikann.

Kynheilbrigði og ofbeldi

- **Þetta er líkaminn minn:** Bókin er hugsum sem leið til að opna umræðu um ofbeldi og skaðsemi þess á meðal barna og fullorðinna.
- **7 skref til verndar börnunum okkar.** Blátt áfram. 7 Skrefa bæklingur til verndar börnum að velja að gerast upplýstur um hvernig hægt er að fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi á börnum. <http://www.blattafram.is/>

5.2. Hjallastefnan í Garðabæ

Í Garðabæ eru starfræktir ungbarnaleikskóli, leikskóli og tveir grunnskólar á vegum Hjallastefnunnar⁴. Í Barnaskóla Hjallastefnunnar, sem tók til starfa árið 2003 fer fram nám 5 – 9 ára barna og í Vífilsskóla fer fram nám 10 – 12 ára barna. Þróun Hjallastefnunnar fyrir grunnskólastig stendur enn yfir. Í skólunum er unnið eftir sex meginreglum Hjallastefnunnar. Unnið er eftir kynjanámskrá Hjallastefnunnar sem er birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti stúlkna og drengja. Í skólum Hjallastefnunnar er starfið kynskipt og er markmiðið að gera báðum kynjum ávallt jafnhátt undir höfði og mæta ólíkum þörfum stúlkna og drengja. Auk þess er gengið út frá þeirri kennisetningu Hjallastefnunnar að kynin öðlist takamarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi kynhlutverka og kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kynferðis. Hjallastefnan nýtir lotur til þess að þjálfa bæði kyn í öllum mennskum eiginleikum. Hver lota stendur yfir í fjórar vikur í senn. Loturnar eru agi, sjálfstæði, samskipti, jákvæðni, vinátta og áræðni.

Skólasálfræðingur er tengiliður innan skólans þegar kemur að kynheilbriði og velferð. Auk þess starfar einn kennari sem verkefnastjóri í jafnréttiskennslu.

Verkefni í Barnaskóla Hjallastefnunnar og Vífilsskóla sem tengjast jafnrétti, kynheilbrigði og ofbeldi og nýtt eru með reglubundnum hætti eru:

- **Ég er bara ég.** Pemahefti nýtt sem efniviður í kennslu um jafnrétti í Vífilsskóla.
- **Krakkarnir í hverfinu.** Brúðuleikhús fyrir nemendur í 2. bekk. Fjallað er um ofbeldi í heimahúsum og kynferðislegt ofbeldi með samtali brúðanna og umræðum við áhorfendur og er markmiðið að fræða börn um kynferðisofbeldi og annað ofbeldi og auðvelda þeim að segja frá verði þau eða einhver í þeirra umhverfi fyrir slíku ofbeldi. Hallveig Thorlacius og Helga Arnalds koma í skólann.
- **Leyndarmálið** er íslensk teiknimynd um einkastaði og leyndarmál fyrir 3. bekk
- **Þetta er líkaminn minn:** Bókin er hugsum sem leið til að opna umræðu um ofbeldi og skaðsemi þess á meðal barna og fullorðinna. Tekið markvisst fyrir hjá 5 ára börnum.
- **Þetta eru mínir einkastaðir.** Blátt áfram, 2007. Bókin er mikilvægt verkfæri handa foreldrum, forráðamönnum og öðrum þeim sem koma að uppeldi barnanna þegar rætt er um líkamann og heilbrigð samskipti, um góða og vonda snertingu og mikilvægi þess að vita að enginn snertir einkastaði þeirra. Fjölskyldufræðingur vinnur með 5 ára hópnum.
- **Komdu og skoðaðu líkamann, um mig og þig.** er ætlað 1-2 bekk. Notað í kennslu í Barnaskólanum.
- **Tölum saman. Kynlíf unglingar.** Fræðslufundur og fræðslubæklingur um kynlíf og kynhegðun unglinga. Unnið í samvinnu við skólahjúkrunarfræðing í Vífilsskóla.
- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. Unnið með í skólanum.
- **Klám og netnotkun.** Fyrirlestrar fyrir starfsfólk

⁴ Hjallastefnan: <http://www.hjalli.is/>

Annað efni sem er til og aðgengilegt fyrir kennara eða nemendur

- **Kynjanámskrá Hjallastefnunnar.** Rauði þráðurinn í öllu starfi skólans.
- **Bekkjarfundir.** Kjarnafundir reglulega í skólanum þar sem þættir kynjanámskrár teknir fyrir í lotum; sbr. agi; virðing, hegðun, kurteisi og framkoma. Sjálfstæði; sjálfstyrking, sjálfstraust, öryggi, tjáning. Samskipti; umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða. Jákvæðni; ákveðni, hreinskiptni, bjartsýni, gleði. Vinátta; félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur. Áræðni; kraftur, kjarkur, virkni og frumkvæði.
- Jafnréttishandbókin. Er til sem ítarefni.
- **Kynja og jafnréttisfræðsla. Hanna Björg Vilhjálmsdóttir.** Námskeið í Kynja- og jafnréttisfræðslu á vegum Endurmenntun. Fulltrúar kennara í Barnaskólanum og Vífilsskóla sóttu.

5.3. Flataskóli

Skólaárið 2013 – 2014 eru rúmlega 300 nemendur í 15 bekkjardeildum í Flataskóla, í 5 ára bekk til 7. bekkjar. Starfsmenn skólans eru 46 talsins. Í Flataskóla er unnið eftir verkefninu SMT – skólafærni (e. School Management Training) sem gengur undir nafninu jákvæð skólafærni í Flataskóla. Markmiðið er að skapa gott andrúmsloft í skólanum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Gildi Flataskóla eru *menntun – árangur – ánægja (Starfsáætlun Flataskóla, 2013-2014)*. Flataskóli tekur þátt í verkefnunum Grænfáni og Heilsueflandi skóli. Í skólanum eru unnin mörg samskiptaverkefni sem tengjast til margra landa Evrópu. Verkefnin eru tengd eTwinning, Nordplus og Comenius áætlunum Menntaáætlunar Evrópusambandsins (*Flataskóli, 2013*).

Námsráðgjafi er í 50% starfi við skólann. Allt sem snertir velferð nemenda og stuðlar að velliðan þeirra bæði í skólanum og utan hans tengist starfi námsráðgjafans. Námsráðgjafi og skólastjórnendur eru þeir tengiliðir innan skólans sem hægt er að leita til varðandi jafnrétti, kynheilbrigði og ofbeldi.

Staðan í Flataskóla í upphafi verkefnis:

Jafnréttistefna var sett fram árið 2005 í Flataskóla og er hana að finna í skólanámskrá á heimasíðu skólans. Þar kemur meðal annars fram að sniðganga eigi námsefni sem felur í sér kynþáttahyggju, samkynhneigðarfærni eða annað það efni sem kann að hafa mótandi áhrif á kynhlutverk í nútíma samfélagi. Nemendur eiga rétt á markvissri jafnréttisfræðslu t.d. sem hluta af lífsleiknitímum. Reynt verður að nýta það námsefni sem til er um jafnréttismál en jafnframt fylgjast vel með nýju efni sem að gagni kann að koma.

Efni sem varðar jafnrétti, kynheilbrigði og ofbeldi sem unnið er með í skólanum er eftirfarandi:

- **Að ná tökum á tilverunni.** Nemenda- foreldra- og kennarahandbók
- **Líkaminn minn.** Efni notað í 5 ára bekk.
- **Mínir einkastaðir.** Efni notað í 5 ára bekk.
- Komdu og skoðaðu líkamann. Notað á yngsta stigi.
- Maðurinn hugur og heilsa. Efni notað á miðstigi.
- Jafnréttishandbókin

- **Stig af stigi** er kennslukassi sem er notaður til að ræða um tilfinningar barna og kennt þeim að tjá sig. Efni: Brúðuleikhús og myndaspjöld
- **Ég er bara ég** er þemahefti um jafnrétti.
- **7 skref til verndar börnum** – bæklingur um kynferðislegt ofbeldi var dreift heim á sínum tíma
- **„Krakkarnir í hverfinu“**. Brúðuleikhús fyrir 2. Bekk þar sem fjallað er um ofbeldi í heimahúsum og kynferðislegt ofbeldi
- **Leyndarmálið** er íslensk teiknimynd um einskastaði og leyndarmál fyrir 3. bekk
- **Blátt áfram** bæklingi var dreift heim til nemenda á sínum tíma

5.4. Hofsstaðaskóli

Í Hofsstaðaskóla eru 464 nemendur í 1.- 7. bekk í 20 umsjónarhópum. Við skólann starfa um 70 starfsmenn. Leiðarljós Hofsstaðaskóla eru: *Vinnusemi, virðing, viska, verkmennt og vellíðan*. Í skólanum er lögð áhersla á skapandi starf og einstaklingsmiðað skólastarf. Markmið Hofsstaðaskóla er að öll börn hafi jafnan rétt til náms og líði vel í skólanum. Stuðlað er að því að nemendur læri sjálfstæð, vönduð og fjölbreytt vinnubrögð. Áhersla er lögð á hlýlegt umhverfi, glaðlegt viðmót, vel menntað og hæft starfsfólk⁵.

Hofsstaðaskóli er skóli á grænni grein og tekur þátt í verkefnum Grænfáninn. Skólinn er einnig þátttakandi í verkefnum Heilsueflandi grunnskólar. Í skólanum er lögð áhersla á samvinnu og samræmingu námskrár leik- og grunnskóla og unnið er eftir samstarfsáætluninni „Brúum bilið“. Til þess að koma til móts við þarfir nemenda er unnið í misstórum hópum innan árganga eftir eðli verkefna og aðstæðum. Í Hofsstaðaskóla er lögð áhersla á gagnkvæma virðingu og jákvæð samskipti heimila og skóla og byggir skólastarfið á markvissri þátttöku foreldra í námi barna sinna, öflugum skólaráði og foreldrafélagi.

Starfsfólk og nemendur skólans taka þátt í samstarfsverkefnum milli skóla í Evrópu og tengjast eTwinning og Comeniusaráætlun hjá Alþjóðaskrifstofunni. Meðal þróunarverkefna sem unnið er að í Hofsstaðaskóla er Útikennslumiðstöð, Orð af orði, ritun og skrift auk þess sem unnið er að því að auka fjölbreytni í kennsluháttum og í námsmati (*Starfsáætlun Hofsstaðaskóla*, 2013-2014).

Staðan í Hofsstaðaskóla í upphafi verkefnis:

Í Hofsstaðaskóla er til jafnréttistefna. Í skólanum er unnið með lífsleikni, tilfinningar, sjálfsmynd, félagsfærni, leiki, leikræna tjáningu t.d. á vikulegum samverustundum í sal þar nemendur skólans hittast allir saman. Einnig eru reglulegir bekkjarfundir þar sem myndaður er umræðuhringur og rætt um samskipti, tilfinningar o.fl. Fyrir þriðja bekk og miðstig eru haldin tvö 40 mínútna námskeið sem eru kynjaskipt. Á námskeiðunum er fjallað um algengan samskiptavanda og lausnaleit samkvæmt stefnunni Uppeldi-til ábyrgðar, Olweusaráætlun gegn einelti o.fl. Námsráðgjafi heldur utan um námskeiðin. Námsráðgjafi og deildarstjóri sérkennslu eru tengiliðir innan skólans sem hægt er að leita til varðandi jafnrétti, kynheilbrigði og ofbeldi.

Verkefni sem tengjast jafnrétti, kynheilbrigði og ofbeldi og nýtt eru með reglubundnum hætti:

⁵ Hofsstaðaskóli: <http://www.hofstadaskoli.is/skolinn/>

- **Klípursögur- Spor 1-4** í samfélagsfræði, notast er við umræður, verkefni og bók
- **Maðurinn, hugur og heilsa** er bók um mannslíkamann auk fræðslumyndbands sem kennt er í lífsleikni fyrir 6. bekk
- **Nám í skóla um hamingju og velferð** - Að sitja fíl. Er handbók fyrir kennara í lífsleikni, Námsefnið er mikið notað af kennurum og öðru starfsfólki skólans
- **Krakkarnir í hverfinu**. Brúðuleikhús fyrir nemendur í 2. bekk. Fjallað er um ofbeldi í heimahúsum og kynferðislegt ofbeldi með samtali brúðanna og umræðum við áhorfendur og er markmiðið að fræða börn um kynferðisofbeldi og annað ofbeldi og auðvelda þeim að segja frá verði þau eða einhver í þeirra umhverfi fyrir slíku ofbeldi.. Hallveig Thorlacius og Helga Arnalds koma í skólann.
- **Leyndarmálið** er íslensk teiknimynd um einkastaði og leyndarmál fyrir 3. Bekk
- **SAFT fræðsla**. Námskeið fyrir 5. bekki um örugga netnotkun og netorðin 5. Bókasafnsfræðingur annast fræðsluna.
- **Komdu og skoðaðu líkamann**, er ætlað 1-2 bekk og kennt í náttufræði

Annað efni sem er til og aðgengilegt fyrir kennara eða nemendur

- **Að ná tökum á tilverunni**. Nemenda- foreldra- og kennarahandbók. Nokkrir kennarar eru með réttindi.
- **Jafnréttishandbókin** var afhent kennurum þegar hún kom út
- **Þegar Friðrik var Fríða og þegar Rósa var Ragnar**. Bók ætluð yngsta stigi um kynhlutverk og jafnrétti
- **Ég er bara ég** er þemahefti um jafnrétti.
- **Kynungabók** um Jafnrétti kynjana, kynheilbrigði, kynferðisofbeldi, klám o.fl. nýtt sem handbók
- **Þetta eru mínir einkastaðir**, bók útgefin af samtökunum Blátt áfram

5.5. Sjálandsskóli

Sjálandsskóli í Garðabæ tók til starfa haustið 2005. Í skólanum eru nemendur í 1. – 10. bekk. Um 250 nemendur eru í skólanum veturinn 2013 – 2014. Við skólann starfa 48 starfsmenn, þar af einn náms- og starfsráðgafi í 50% starfi. Í skólanum er félagsmiðstöðin Klakinn starfrækt fyrir nemendur á miðstigi og unglingastigi.

Í Sjálandsskóla er lögð áhersla á að byggja upp skólabrag sem einkennist af vinsemd og virðingu. Einkunnarorð skólans eru að *vilja og virða*. Í skólanum miðar umhverfi og starf að því að hver nemandi fái notið sín til fulls undir handleiðslu hóps samhentra starfsmanna. Kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og hafa miklar væntingar til nemenda um námsárangur. Starfsmenn gera raunhæfar kröfur til nemenda um leið og þeir eru hvattir til þess að gera sitt besta, sýna sjálfstæði, áhuga og frumkvæði í námi, starfi og leik. Samhliða því læra nemendur að axla ábyrgð á eigin gerðum, hjálpa öðrum og sýna sjálfum sér og umhverfi sínu virðingu. Í starfinu er lögð áhersla á að skapa tækifæri til margháttaðra námsaðstæðna, innan og utan skólans og fjölbreyttrar skiptingar í námshópa. Útikennsla, lýðræðisleg vinnubrögð, sköpun og tjáning eru samofin öllu skólastarfinu og nemendur fá fjölbreytt tækifæri til þess láta vonir sínar og væntingar rætast í námi og leik (Sjálandsskóli, 2013).

Sjálandsskóli hefur tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum á vegum Menntaáætlunar ESB á undanförunum árum t.a.m. Comeníusarverkefninu Treasure Island. Unnið er að ýmsu þróunarstarfi í

skólanum. Í textílmennit halda kennari og nemendur úti textílbloginu Textílmennit rokkar auk þess sem skólinn vinnur að því að þróa Ipad í kennslu í samvinnu við kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni.

Staðan í Sjálandsskóla í upphafi verkefnis:

Í skólanámskrá Sjálandsskóla, almennum hluta er að finna jafnréttisstefnu, heilsustefnu, umhverfisstefnu og forvarnarstefnu (*Skólanámskrá Sjálandsskóla. Almennur hluti.*, 2009-2010). Í jafnréttisstefnu Sjálandsskóla segir að nemendur sem starfsmenn, njóti fyllsta jafnréttis. Gætt verði að því að hver einstaklingur, nemandi eða starfsmaður, verði metinn á eigin forsendum. Þannig verði tryggt að mannauður nýtist sem best. Kynbundin mismunur er með öllu óheimil. Megin markmið forvarnarstefnu Sjálandsskóla er að skapa aðstæður sem eru líklegar til að hafa jákvæð áhrif og efla sjálfstraust og sjálfsmat barna og unglinga.

Verkefni í Sjálandsskóla sem tengjast jafnrétti, kynheilbrigði og ofbeldi og nýtt eru með reglubundnum hætti eru:

- **Krakkarnir í hverfinu.** Brúðuleikhús fyrir nemendur í 2. bekk.
- **Leyndarmálið** er íslensk teiknimynd um einkastaði og leyndarmál fyrir 3. bekk
- **Kynferðislegt ofbeldi:** Fræðsla í lífsleiknitíma fyrir 8. bekk á vegum Blátt áfram um kynferðislegt ofbeldi.
- **Kynheilbrigði, kynferðislegt ofbeldi :** Fáðu já. Íslensk leikin fræðslumynd fyrir 10. bekk. Forvarnarefni gegn kynferðislegu ofbeldi.
- **Kynfræðsla:** Ástráður, félag um forvarnarstarf læknanema: 8.-10. bekkur: Forvarnarstarf læknanema um kynlíf. Eru með 90 mínútna fyrirlestra, með glærum, leikjum og spjalli.
- **Kynfræðsla fyrir unglinga:** Sigga Dögg kynfræðingur kemur á stelpu- og stráka kvöld sem haldin eru í Klakanum.

5.6. Álftranesskóli

Álftranesskóli er heildstæður grunnskóli sem bættist í skólaflóru Garðabæjar við sameiningu sveitarfélaganna Álftraness og Garðabæjar áramótin 2012-2013. 434 nemendur eru í skólanum skólaárið 2013-2014 í 22 bekkjardeildum í 1. – 10. bekk. Alls starfa 84 starfsmenn við skólann. Áherslur í skólastarfi Álftranesskóla eru *vinátta, vísindi og listir – allir eru einstakir*. Unnið hefur samkvæmt Uppbyggnarstefnunni „Uppeldi til ábyrgðar“ í Álftranesskóla frá haustinu 2002, en það er hugmyndakerfi sem felst bæði í aðferð og stefnumörkun skóla til bættra samskipta. Álftranesskóli tekur þátt í ýmsum verkefnum s.s. Grænfána, Leið til læsis, Orð af orði, Vörður og vegvísar og Spjaldtölvur og stærðfræði.

Náms- og starfsráðgjafi skólans er í 100% starfi við skólann og sinnir margþættu starfi og hefur umsjón með forvarnarstarfi, fræðslu og kynningum fyrir nemendur á öllum stigum skólans. Námsráðgjafi vann drög að samantekt á forvarnar- og kynningarefni sem stendur eða hefur staðið nemendum Álftranesskóla til boða og var sú samantekt notuð til hliðsjónar við stöðuskýrslu þessa verkefnis (*Starfsáætlun Álftranesskóla*, 2013-2014; *Ársskýrsla Álftranesskóla 2012-2013*, 2013).

Staðan í Álftranesskóla í upphafi verkefnis: Hugmyndin að þessu verkefni kviknar í Álftranesskóla. Í skólanum er búið er að kortleggja hvaða forvarnarfræðsla fer fram í skólanum í öllum árgöngum frá 1. – 10. bekk eins og sjá má hér fyrir neðan. Samantektin frá Álftranesskóla var jafnframt höfð til hliðsjónar í stöðumatinu í hinum skólunum nú í haust.

Í Álfthanesskóla hefur námsrágjafi góða yfirsýn yfir það forvarnarefni sem unnið er með í skólanum. Endurskoðun á jafnréttisáætlun skólans stendur yfir; í framhaldi af fyrirlestrum og umræðum um jafnrétti í tengslum við nýja aðalnámskrá grunnskóla.

Efni sem varðar jafnrétti, kynheilbrigði og ofbeldi sem unnið er með í skólanum er eftirfarandi:

- **Spor 1-4 Klípusögur.** Lífsleiknibækur fyrir yngsta stig. Unnið er með fyrsta spor í 1. bekk og annað spor í 2. bekk.
- **Maðurinn, hugur og heilsa.** Grunnbók og fræðslumyndband um mannslíkamann fyrir miðstig. Notað í 7. bekk.
- **Ertu.** Lífsleikni, sjálfsþekking og samskiptafærni. Notað í 6. bekk.
- **Nám í skóla um hamingju og velferð – Að sitja fíl.** Lífsleikniefni notað í 7. Bekk.
- **Ég er bara ég.** Þemahefti og kennsluleiðbeiningar um jafnrétti. Notað í 5. bekk.
- **Þjóðfélagsfræði og á ferð um samfélagið.** Sjálfsmynd, réttindi og skyldur. Hverjir ráða og samastaður í heiminum. Kynhlutverk, jafnrétti, jafnrétti til náms, staðalmyndir. Kennt í 10. bekk.
- **Silvía og Darri.** Leikin íslensk fræðslumynd um ungt par sem er í framhaldsnámi og er að hefja sambúð. Sýnd og rædd í 10. Bekk.
- **Krakkarnir í hverfinu.** Blátt áfram. Nemendum í 2. bekk var boðið á leikritið sem er brúðuleikhús með þema tengdu líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Eftir leikritið vann námsráðgjafi í samstarfi við leikara, umsjónarkennara, hjúkrunarfræðing og ráðgjafa um kynferðislegt ofbeldi úr upplifunum nemenda.
- **Leyndarmálið.** Námsráðgjafi ásamt umsjónarkennurum og ráðgjafa um kynferðislegt ofbeldi stóð fyrir sýningu teiknimyndarinnar fyrir nemendur 3. bekkja og umræðum meðal nemenda í lok sýningar.
- **Hópefli og sjálfsstyrking.** Námsráðgjafi ásamt þroskaþjálfarar sáu um hópefli og sjálfsstyrkingu meðal nemenda í 7. og 8. bekkjum, í samstarfi við umsjónarkennara. Markmið hópsins var að líða vel saman, átta sig á styrkleikum sínum og efla þá, segja sitt álit á ákveðnum málefnum, þora að standa á skoðunum sínum og standa með sjálfum sér.
- **Ábyrg netnotkun.** Í byrjun skólaárs hitti námsráðgjafi nemendur 8. bekkja nokkrum sinnum, ýmist í kynjaskiptum hópum eða alla saman, þar sem rætt var um ábyrga netnotkun, framkomu, líðan og eineltismál. Rætt var um dæmi úr daglega lífinu, tjáningu á netmiðlum og símaskilaboð.
- **Sigga Dögg kynfræðingur. Kynheilbrigði og kynlíf unglinga.** Foreldrafélagið og félagsmiðstöðin Elítan bauð nemendum í 8.-10. bekk upp á fræðsluna. Foreldrar voru einnig boðnir velkomnir á fyrirlesturinn hjá Siggu Dögg.
- **Fáðu Já.** Fræðslumynd og umræður um kynheilbrigði og kynlíf. Sýnt í 10. bekk.
- **Tölum saman. Kynlíf unglingar.** Fræðslufundir og fræðslubæklingar um kynlífi og kynhegðun unglinga. Kynfræðsla/kynheilbrigði fyrir 8.-10. bekk í umsjón hjúkrunarfræðings.
- **Ástráður** – fræðsla læknanema fyrir 10. bekk.
- **Kynja- og jafnréttisfræðsla.** Námskeið hjá Hönnu Björg Vilhjálmsdóttur á vegum Endurmenntunar. Markmið námskeiðsins er að kennarar á mið- og efsta stigi grunnskóla öðlist hugrekki og hæfni til að jafnréttisfræða nemendur. Einn kennari sótti námskeið hjá Hönnu Björgu.

Annað efni sem er til og aðgengilegt fyrir kennara eða nemendur

- Jafnréttisstefna Álfstanesskóla.
- **Jafnréttishandbókin.** Handbók um jafnrétti, rannsóknir og leiðir til að verða meðvitaðri um mikilvægi jafnréttis og hvernig er hægt að efla/auka jafnrétti. Allir kennarar fengu bókina og þeim kynnt inntak hennar.
- **Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna.** Allt starfsfólk fær kynningu.
- **Samtökin Blátt áfram.** Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi. Fræðsla fyrir starfsfólk skólans.

5.7. Garðaskóli

Í Garðaskóla eru um 430 nemendur á aldrinum 13 – 16 ára skólaárið 2013-2014. Nemendum skólans er skipt niður í 18 umsjónarhópa. Við skólann starfa 60 starfsmenn. Í skólanum eru einstaklingar gerðir ábyrgir fyrir gjörðum sínum í leik og starfi og ætlast til að þeir vinni í sínum málum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Stutt er við unglingana svo þeir megi vaxa og þroskast sem sjálfstæðir einstaklingar. Starfsmenn nýta sér hugmyndir og aðferðir *Uppbyggingarstefnunnar* til að koma þessum markmiðum í verk. Gildi skólans eru *virðing, ábyrgð, velliðan*.⁶ Í skólanum er öflug fagkennsla bæði í bóklegum og verklegum greinum. Fagstjórar halda utan um starfið í hverri námsgrein og stýra hópum fagkennara. Fagkennslan byggist á mikilli samvinnu hjá viðkomandi fagkennurum. Skólinn starfar í nánú samstarfi við félagsmiðstöðina Garðalund, sem starfrækt er í húsnæði skólans.

Í Garðaskóla starfa tveir námsráðgjafar í samtals 160% stöðuhlutfalli. Í skólanum er boðið upp á nemendaráðgjöf sem byggð er á þeirri hugmynd að unglingar leita oft til vana eða jafningja ef þeir þurfa að taka einhverja mikilvæga ákvörðun eða eru í vanda.

Jafnréttisnefnd Garðaskóla setti fram jafnréttisstefnu veturinn 2011-2012. Markmið stefnunnar er að tryggja að fyllsta jafnrétti kynjanna sé gætt í hvívetna í skólanum og að bæði nemendur og starfsfólk fái notið sín á eigin forsendum án tillits til kynferðis, uppruna eða fötlunar. Jafnréttisstefnan er birt á heimasíðu skólans.⁷

Garðaskóli hefur staðið að ýmsum þróunarverkefnum á undanförunum árum s.s. námskeiða í Uppbyggingu (Restitution) í Bandaríkjunum, umfangsmiklum alþjóðlegum verkefnum og hafa tugir nemenda og kennara heimsótt skóla víða um heim. Annað þróunarstarf innan skólans tengist endurskoðun aðalnámskrár, þróun á einstaklingsnámskrám og fjölbreyttum kennsluáðferðum, s.s. heimspekilegri samræðu og margmiðlun (*Starfsáætlun Garðaskóla 2012 - 2013*, 2012-2013).

Staðan í Garðaskóla í upphafi verkefnis:

Nemendur í öllum árgöngum fá ýmsa fræðslu tengda jafnrétti, kynheilbrigði og velferð í skólanum. Starfsfólk fær einnig fræðslu samkvæmt starfsþróunaráætlun skólans. Eftirfarandi verkefni eru unnin í skólanum:

- **Kynferðislegt ofbeldi:** Fræðsla fyrir 8. bekk á vegum forvarnarsamtakanna Blátt áfram um kynferðislegt ofbeldi. Fjallað um kynferðislegt ofbeldi, unglingarnir hvattir til að finna einhvern til að tala við og segja frá ef þau vita af slíku eða hafa lent í kynferðislegu ofbeldi.

⁶ Ársskýrsla Garðaskóla 2012-2013 bls. 21:

<http://www5.gardaskoli.is/library/Files/skolanamskra/%C3%81rssk%C3%BDrsla%202013.pdf>

⁷ Jafnréttisstefna Garðaskóla:

<http://gardaskoli.is/library/Files/ymislegt/Jafnr%C3%A9ttisstefna%20Gar%C3%B0ask%C3%B3la%202012.pdf>

- **Náttúrufræði/kynfræðsla:** Kynfræðsla fyrir 9. bekk. Mannslíkaminn. e. Susanne Fabricus, Frederik Holm, Ralph Martenson, Annika, Æxlun mannsins, meðganga, fósturproski, getnaðarvarnir og kynsjúkdómar.
- **Náms- og starfsfræðsla:** 10. bekkur. Umræður um kynbundna starfshugsun, um launamun kynjanna og jafnrétti kynja til náms og/eða starfsvals. Náms efni: Kynungabók e.Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2010). Vefur hagstofu Íslands.
- **Samfélagsfræði:** 10.bekkur. Kynhlutverk, jafnrétti, jafnrétti til náms, staðalmyndir og barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Náms efni: Þjóðfélagsfræði e. Garðar Gíslason.
- **Kynheilbrigði, kynferðislegt ofbeldi:** 9.og 10. Bekkur. „Fáðu já“. Leikin íslensk fræðslumynd fyrir 10.b. Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi. Fáðu já. Velferðarráðuneytið (2012).
- **Lífsleikni:** Í 8. bekk er lögð áhersla á umræður um líðan nemenda og leiðir innan skólans til að fá aðstoð fagfólks. Í lífsleikni 8.bekkja er verkefnið: “*Hótel heimili*“. Þar skrifa nemendur á töflu í sameiningu öll hugsanleg störf varðandi heimilsrekstur. Síðan er fjallað um verkaskiptingu heimilsfólks og gerð stutt atkvæðagreiðsla um hvert eftirtalinna vinni flest heimilsstörf að öllu jöfnu. Í tengslum við verkefnið vinna nemendur 4 atriði af listanum um heimilsverk og þurfa að koma í næsta tíma með staðfesta kvittun frá foreldra um að þeir hafi unni viðkomandi verk. Niðurstöður hafa gefið tilefni til líflegra umræða í hópum.
- **Lífsleikni:** í 9. bekk eru umræður um líðan nemenda og leiðir innan skólans til að fá aðstoð fagfólks. Unnið er með jafnrétti kynjanna og launamisrétti með umræðum og hópavinnu.
- **Lífsleikni:** í 10. bekk eru umræður um líðan nemenda og leiðir innan skólans til að fá aðstoð fagfólks. Nemendur í 10. bekk skrifa ritgerð um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ýmis umfjöllunarefni eru rædd s.s. jafnrétti kynjanna og launamisrétti, ólíkir hópar fólks, mikilvægi virðingar og umburðarlyndis. M.a. rætt um samkynhneigð. Hópavinna og umræður.
- **Heimspeki** – valgrein í 9. og 10. bekk: samræða um samskipti kynjanna, verkaskiptingu, jafnrétti.

Annað efni sem er til og aðgengilegt fyrir kennara eða nemendur

- **Jafnréttisstefna skólans:** Jafnréttisnefnd starfar innan skólans og fylgist með að skólastarf sé í anda jafnréttisstefnunnar.
- **Í starfsþróunaráætlun skólans** hefur verið lögð áhersla á eftirfarandi varðandi símenntun starfsmanna:
 - **Verndarar barna:** Námskeið sem allir starfsmenn taka, rifjað upp á 5 ára fresti.
 - **Málþing og ráðstefnur:** Fulltrúar skólans sækja málþing og ráðstefnur á sviði jafnréttisfræðslu, kynheilbrigðis og forvarna gegn kynbundnu ofbeldi. Námsráðgjafar, deildarstjórar og áhugasamir kennarar hafa sótt þessa viðburði.

5.8. The International School of Iceland (Alþjóðaskólinn)

Í Alþjóðaskólanum, sem rekinn er í skólahúsnæði Sjálandsskóla í Garðabæ er boðið upp á starf fyrir börn í 1. – 7. bekk. Unnið er samkvæmt alþjóðlegri námsskrá sem kallast *the International Primary Curriculum* <http://www.greatlearning.com/ipc/>. Í þeirri námskrá er meðal annars unnið með kynjajafnrétti og heilsu. Sem dæmi má nefna efni eins og: *Fit for Life, Express Yourself, Sex & Relationships and Health Education*.

Markmið skólans er að bjóða upp á hvetjandi og styðjandi umhverfi til náms. Námskráin er endurskoðuð og þróuð með það að markmiði að nemendur þrói með sér seiglu, sjálfstraust og hvata til að takast á við námið.

Þar sem skólinn er alþjóðlegur skóli er boðið upp á tvítýngt nám og alþjóðlegt viðhorf. Lögð er áhersla á að nemendur kynnist íslenskri menningu og menningu allra nemenda skólans.

- Skólahjúkrunarfræðingur sér um fræðslu nemenda í samræmi við aðra skóla í Garðabæ.
- 3. Bekkur fær fræðslu frá Blátt áfram með nemendum í Sjálandsskóla.
- Skólinn er með Personal Development Program, þar sem unnið er með mánaðarleg þemu. Yfir skólaárið er unnið með *Personal Safety, Children's Rights and Gender Equality in the Workplace*.

5.8. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Fjölbrautarskólinn í Garðabæ var formlega stofnaður árið 1984 og er hann eini framhaldsskólinn í Garðabæ. Skólinn býður upp á hefðbundið bóknám og starfsnám og leggur sérstaka áherslu á listnám. Nemendur skólans eru tæplega 800 talsins. Hefur uppbygging listnámsbrauta laðað nemendur víða að. Hlutverk skólans er að efla alhliða þroska nemenda skólans svo þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik. Á heimasíðu skólans má finna heilsustefnu, stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum og stefnu skólans í forvarnarmálum⁸.

Staðan í FG í upphafi verkefnis:

Líkt og lög nr. 10/2008 segja fyrir um þá setti Fjölbrautaskólinn í Garðabæ sér jafnréttisáætlun og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir skólaárið 2012 – 2013. Áætlunin var unnin af jafnréttisnefnd skólans vorið 2012. Eitt af markmiðunum í framkvæmdaráætluninni er að flétta **jafnréttishugtakið**, einn grunnþátt menntunar, inn í kennslu allra greina. Annað markmið er að efla jafnréttisumræðu í heild.

Í félagsfræði sem er skylduáfangi í skólanum er m.a. fjallað um kynjafræði. Þar velta nemendur fyrir sér þeim kynhlutverkum sem við leikum og birtingamyndum þeirra og skoða hvernig félagsmótun hefur áhrif á kynhlutverkin með því að skoða myndbönd auk þess umræðna út frá fjölmiðlum.

Aðrar námsgreinar þar sem unnið er með jafnrétti, kynheilbrigði og ofbeldi eru:

- **Lífsleikni:** Hér er verkefnið Ástráður sem er forvarnarstarf læknanema fengið til liðs við skólann. Í gegnum jafningjafræðslu er farið í gegnum leikinn “Lestarferðin” Spurningar og svör um kynlíf og getnaðarvarnir, auk umræðna og verkefni um fordóma.

⁸ Heimasíða FG: <http://fg.is/skolinn/>

- **Proskasálfræði:** Nemendafyrirlestrar og umræður um ofbeldi gagnvart börnum. Kennslugögn eru kaflar úr kennslubók um ofbeldi, áföll og geðraskanir auk fræðigreina af netinu.
- **Uppeldisfræði:** Skoðaður er munur á uppeldi kynjanna og barnamenning m t.t. kyns. Kennslugögn eru kaflar úr kennslubók og ítarefni á ensku og sænsku af netinu auk þess eru skoðaðar auglýsingar um leikföng og fleira með tilliti til kyns.
- **Fjölmiðlafræði:** Siðfræði í blaðamennsku, kynhlutverkin og hinseginfræði í gegnum m.a. auglýsingar og fræðigreinar af netinu og úr fjölmiðlum.
- **Íslenska:** Hér er reynt að beina sjónum nemenda að hlutverkum kynjanna í þeim bókmenntatextum sem eru lesnir.
- **Myndlist:** Passað upp á að skoða bæði kvenn og karl listamenn.
- **Leiklist:** Unnið er mikið með staðalímyndir í gegnum umræður og leikverk.
- **Líffræði:** Kynfræðsla í gegnum umræður og kennslubók nýtt.
- **Erlend tungumál:** Tilfallandi fer eftir textum og áhuga kennara hverju sinni.
- **Afbrotufræði:** Verkefni og fræðigreinar.

5.9. Heilsugæslan í Garðabæ

Skólahjúkrunarfræðingur frá Heilsugæslunni í Garðabæ sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu í öllum grunnskólum Garðabæjar og hjá Hjallastefnunni í Garðabæ og hvetur til heilbrigðra lífshátta. Byggt er á hugmyndafræðinni um 6-H heilsunnar⁹ sem er samstarfsverkefni skólaheilsugæslunnar og Lýðheilsustöðvar. Unnið er með eftirtalda þætti:

- 1.b. – Hamingja-líkaminn minn-hollusta-tannvernd-handþvottur-slysavarnir.
- 2.b. – Svefn - hamingja - tilfinningar.
- 3.b. – Hollusta og hreyfing.
- 4.b. – Hamingja – sjálfsmynd - slysavarnir.
- 5.b. – Hamingja-samskipti-hollusta-hreyfing.
- 6.b. – Kynþroski.
- 7.b. – Hugrekki-sjálfsmynd-ákvarðanataka.
- 8. b. - Hugrekki-hollusta-hreyfing.
- 9. b. – Kynfræðsla.
- 10 b. – Nýtt fræðsluefni er í vinnslu fyrir 10. bekk. Efnið verður að mestu leyti um kynheilbrigði, s.s. sambönd, kynlíf, kynsjúkdóma, getnaðarvarnir, þunganir, nauðganir, fóstureyðingu, netnotkun, klám, ástarmyndir, samskipti á netinu, Fáðu já og fleira. Hver og einn hjúkrunarfræðingur kemur til með að móta það sjálfur.

Heilsugæslan tekur einnig að sér auka fræðslu í skólum þegar það á við, t.d. ef upp koma málefni í skólum þar sem þörf er fyrir fræðslu. Skólahjúkrunarfræðingar sinna einnig í skólaskoðunum barna í 1. 4. 7. og 9. bekk. Þar mæla þeir hæð, þyngd og sjón og eiga við börnin lífstílsviðtal. Í lífstílsviðtalinu eru bornar upp spurningar um líðan í skólanum, áhyggjur og hversu sátt börnin eru við sjálf sig.

⁹ 6H heilsunnar: <http://www.6h.is/index.php?option=content&task=view&id=273&Itemid=296>

Nokkur dæmi um fyrirkomulag fræðsluefnis hjá hjúkrunarfræðingum í skólum:

- **Fræðsla í 1. bekk**, ca 30 mínútur, 5-6 börn í einu, tveir hjúkrunarfræðingar. Sögð er saga og talað um tilfinningarnar sem koma fram. Síðan er talað um einkastaðina, hvar þeir séu og að þau sjálf mega segja nei og eiga að segja frá ef þau verða fyrir óþægilegri reynslu. Markmið: Börnin viti að þau eiga sinn líkama sjálf. Börnin viti að kynferðisleg misnotkun er alltaf röng og ekki þeirra sök. Börnin viti að þau megi segja NEI. Börnin viti að þau eigi að segja frá verði þau fyrir óþægilegri reynslu.
- **Fræðsla 6. bekk**: Hjúkrunarfræðingur kemur með fræðslu inn í bekkinn. Fræðslan er kynjaskipt. Farið er yfir heiti og hvaða líffæri teljast til kynfæra kvenna og karla og lauslega yfir hormónastarfsemi líkamans. Talað er um breytingar sem verða á líkamanum við kynþroska, hvenær þær byrja og hvað það tekur langan tíma. Lögð er áhersla á hve misjafnt er hvenær kynþroskinn byrjar. Börnin fá verkefnahefti heim með sér sem tengist breytingunum sem verða á líkamanum við kynþroska. Síðan er fjallað um sjálfsfröun, bólur og kynferðislegt ofbeldi. Í verkefnaheftinu stendur hvað kynferðisofbeldi er, að þau eigi að segja frá og símanúmer gefin upp sem hægt sé að hringja í.
- **Fræðsla fyrir 9. bekk**: 2x40 mínútur, kynjaskipt. Markmið: Auka færni nemenda í umræðu um kynlíf og þá ábyrgð sem því fylgir. Að nemendur þekki og skilji hugtökin sjálfsvirðing, kynhneigð, kynlíf, kynmök, skírlífi, þungun, fóstureyðing og nauðgun. Einnig rætt um sambönd og virðingu gagnvart sjálfum sér og öðrum. Verði færir um að ræða sín á milli um málefni sem snerta kynlíf. Viti hvað getnaðarvarnir eru og þekki þær helstu. Kunni að nota smokkinn og viti að hann er eina getnaðarvörnin sem minnkar líkur á kynsjúkdómum. Þekki neyðargetnaðarvörnina og viti hvar má fá hana. Viti hvað kynsjúkdómar eru, þekki smitleiðir þeirra og einkenni. Viti hvernig forðast má kynsjúkdómasmit og viti hvert eigi að leita ef grunur er um kynsjúkdóm.

5.10. Grunnstoð Garðabæjar

Grunnstoð Garðabæjar er samstarfsvettvangur foreldrafélaga og málsvari foreldra grunnskólanemenda í bænum. Í Grunnstoð eiga sæti fulltrúar foreldrafélaga í Álftanesskóla, Flataskóla, Garðaskóla, Hofstaðaskóla, Sjólandsskóla, Alþjóðaskólanum á Íslandi, Barnaskóla Hjallastefnunnar og Vífilsskóla. Grunnstoð vinnur að sameiginlegum málefnum skólanna og gefur umsagnir um ýmis mál er varða starfsemi grunnskólanna. Grunnstoð skipar fulltrúa úr sínum röðum sem áheyrnarfulltrúa í skólanefnd Garðabæjar. Fulltrúi foreldra situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt sbr. 4 málsgrein 6. greinar grunnskólalaga nr. 91/2008.

Tilgangur Grunnstoða er að styrkja rödd foreldra sem hagsmunahóps í sveitarfélaginu og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamálum. Samstarfið gerir foreldrafulltrúum kleift að vera í nánu sambandi og fylgjast með því helsta sem fer fram í grunnskólunum og vera bæjaryfirvöldum til aðstoðar. Grunnstoð á fund tvisvar á ári með bæjarstjóra, forstöðumanni fræðslu- og menningarsviðs og deildastjóra skóladeildar þar sem rædd eru málefni sem brenna á foreldrum.

Auk þess að vera samráðsvettvangur standa Grunnstoðir í samvinnu við foreldrafélög grunnskólanna fyrir fræðslufundum um skóla- og uppeldismál a.m.k. einu sinni að vetri sem opnir eru öllum í bæjarfélaginu. Ákveðið er hvaða málefni skuli taka fyrir hverju sinni og undanfarin ár hefur t.d. verið fjallað um einelti, samskipti og næringu. Einnig hafa Grunnstoðir staðið fyrir skyndihálpar námskeiði fyrir foreldra og unglinga sem og fræðslu fyrir þá sem sinna sjálfböðastörfum s.s. bekkjarfulltrúa og stjórnmenn foreldrafélaga.

5.11. Ungmennafélagið Stjarnan

Ungmennafélagið Stjarnan í Garðabæ er fyrirmyndarfélag innan Íþróttasambands Íslands. Stjarnan setti fram stefnu í málum jafnréttis, kynja, kynþátta, fordóma og eineltis árið 2007 og er stefnan aðgengileg á [heimasíðu Stjörnunnar](#).¹⁰ Félagið hefur einnig sett fram [siðareglur](#).¹¹ Markmið félagsins með siðareglunum er að veita félagsmönnum sínum almennar leiðbeiningar í leik og starfi. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Siðareglurnar skulu vera hvetjandi og leiðbeinandi í senn og skal kynna öllum félagsmönnum. Siðareglurnar ná til þjálfara, foreldra/forráðamanna, eldri iðkenda, yngri iðkenda, stuðningsmanna og stjórnar/starfsmanna.

Hjá Stjörnunni eru starfandi 7 deildir; almenningiþróttadeild, blakdeild, fimleikadeild, handknattleiksdeild, knattspyrnadeild, körfuknattleiksdeild og sunddeild. Allar deildir Stjörnunnar hafa auk þess gefið út [handbækur](#)¹² um starfið í hverri deild sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Iðkendur Stjörnunnar árið 2012 voru samtals 2525. Á töflu 1 má sjá skiptingu iðkenda milli deilda (*UMF Stjarnan. Ársskýrsla 2012.*, 2013:8).

Árið 2012	Alm. Íþróttir	Blak	Fimleikar	Handbolti	Knattsp.	Karfa	Sund
Iðkendur	400	102	616	323	662	284	138

Tafla 1. Skipting iðkenda eftir deildum hjá Stjörnunni á árinu 2012.

5.12. Klifið skapandi fræðslusetur

Klifið skapandi fræðslusetur¹³ hóf starfsemi haustið 2010. Klifið er fræðslusetur fyrir Garðbæinga og aðra áhugasama um nám alla ævi. Markmið Klifsins er að bjóða upp á fjölbreytt og skapandi námskeið fyrir börn jafnt sem fullorðna sem auðga líf fólks.

Klifið er vettvangur þar sem fólk á öllum aldri getur komið saman og lært eitthvað nýtt og framandi undir leiðsögn fagfólks og sérfræðinga á sínu sviði. Í boði eru ýmis tólstundanámskeið fyrir börn jafnt sem fullorðna. *Upplifið Klifið, lærið og lifið* eru einkunnarorð Klifsins. Í Klifinu er áhersla lögð á samvinnu og samstarf við nærsamfélagið við að þróa eigin leiðir í takt við umhverfi og samfélag. Það er stefna Klifsins að starfsemin sé mannbætandi, auki félagsauð og sé skapandi.

Menntaklif – skólasamfélag Garðabæjar:

Talsvert þróunarstarf er unnið í Menntaklifinu. Undanfarin tvö ár hefur Menntaklifið meðal annars unnið að þróun starfsþróunarlíkans fyrir starfsfólk í skólum sem ber heitið VAXA starfsþróunarlíkanið¹⁴. Starfsfólk í grunnskólum Garðabæjar hefur tekið virkan hátt í mótun og hugmyndaferli VAXA líkansins frá upphafi. Menntaklifið, starfssamfélag skólafólks í Garðabæ er meðal annars sprottið úr þeirri hugmyndavinnu sem hefur átt sér stað innan skólasamfélagsins. Klifið tekur einnig þátt í verkefnum á vegum Menntaáætlunar Evrópusambandsins, Comenius ásamt fleiri aðilum í Garðabæ.

¹⁰ Jafnréttisstefna Stjörnunnar: <http://stjarnan.is/about/jafnrettisstefna/>

¹¹ Siðareglur Stjörnunnar: http://stjarnanadalstjorn.files.wordpress.com/2012/04/2463_stjarnan-sidareglur.pdf

¹² Handbækur allra deilda Stjörnunnar: <http://stjarnan.is/about/handbaekur/>

¹³ Klifið skapandi fræðslusetur: <http://klifid.is/>

¹⁴ VAXA starfsþróunarlíkanið. Heildræn nálgun í starfsþróun kennara: <http://skemman.is/item/view/1946/16047>

Á árinu 2012 voru rúmlega 600 þátttakendur á öllum aldri á námskeiðum og viðburðum á vegum Klifsins og Menntaklifsins.

Klifið hefur ekki sett sér stefnu í jafnréttis- kynheilbrigðis- og velferðarmálum enn sem komið er, en með þátttöku í þessu verkefni er ætlunin að bæta úr því.

Sem dæmi um námskeið í Klifinu má nefna:

- **Fyrir börn:** Sjálfsstyrkingarnámskeið, myndlistar- og hönnunarnámskeið, leiklistarnámskeið, listdans, vísindanámskeið o.fl.
- **Fyrir kynslóðir/fjölskyldur:** Í Klifinu eru reglulega á boðstólnum námskeið sem leiða saman kynslóðir og má þar nefna námskeiðið tálgað í tré, myndlistarnámskeið, tölvugrafíknámskeið og kassabílasmiðju.
- **Fyrir skólafólk:** Klifið hefur verið í samstarfi við fagfélög kennara og Garðabæ varðandi ýmis námskeið ætluð skólafólki. Þar má nefna heimpekilega samræðu, skapandi skrif, nýsköpunar- og frumkvöðlamennt, innleiðingu aðalnámskrár í samvinnu við Grunnskóladeild Garðabæjar o.fl.

6. NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐUR

Eins og sjá má á upplýsingunum frá hverjum skóla í kaflanum hér að ofan eru skólarnir byrjaðir að taka þessa þætti inn í skólastarfið hjá sér, hver með sínum hætti. Skólarnir eru ólíkir og nemendur þeirra eru á breiðu aldursbili. Verkferlar í hverri stofnun eru mismunandi og fer það eftir eðli stofnanna og aldri nemenda hver ber ábyrgð á fræðslu af þessu tagi. Það er jafnframt ólíkt eftir skólum hversu markviss vinnan er með jafnrétti, kynheilbrigði og velferð og hvernig þættirnir eru skilgreindir innan skólans. Yfirsýn yfir málaflokkinn er ábótavant í sumum skólum þar sem ekki er unnið markvisst með þessa þætti enn sem komið er. Tækifærin eru því til staðar til þess að skapa sameiginlega sýn, en það er einmitt megingangurinn með þessu verkefni.

Því höfum við tekið saman yfirlitstöflu, sjá töflu 2 hér fyrir neðan, þar sem dregin eru fram þau verkefni sem unnin eru í hverri stofnun fyrir sig.

6.1. Stig flokkunar í töflu:

Þar sem forvarnarefnið er ætlað ólíkum aldurshópum var því skipt upp í átta stig, allt frá leikskólastigi til efnis sem ætlað er foreldrum og heimilum. Stigin eru eftirfarandi:

L =	Leikskóli	F =	Framhaldsskóli
Y =	Yngsta stig	Ö =	Öll skólastig
M =	Miðstig	S =	Starfsfólk
U =	Unglingastig	H =	Heimili - foreldrar
X =	Efnið er til í skóla og er notað í skólanum		
/ =	Efnið er til í skóla en er ekki notað markvisst		

Eins og sjá má á töflu 2 hér að neðan, er úr fjölbreyttu námsefni úr að velja fyrir alla aldurshópa. Flestir samstarfsaðilar hafa sett sér jafnréttisstefnu og er það eini reiturinn þar sem sjá má samfelli milli allra skólastiga. Í nokkrum skólum er jafnframt þörf á uppfærslu á stefnunni og mætti gera hana sýnilegri á heimasíðu skólanna. *Samtökin Blátt áfram* hafa einnig verið með forvarnarfræðslu í mörgum skólum.

Námsefni ætlað leikskólastigi er frábrugðið námsefni fyrir eldri stig. Námsefnið *Þetta er líkami minn* er notað er hjá öllum samstarfsaðilum á leikskólastigi. Á yngsta stiginu er nýjasta námsefnið, *Krakkarnir í hverfinu* og *Leyndarmálið* tekið fyrir í öllum skólunum.

Á miðstigi fara skólarnir ólíkar leiðir við miðlun og er fræðsluefnið lífsleiknimiðað á þessum aldri. *Ég er bara ég* sem er þemahefti um jafnrétti er notað í þremur skólum. Fræðslu- og forvarnarmyndin *Fáðu já* var sýnd í öllum unglingaskólunum og starfið í Álftanesskóla og Garðaskóla virðist svipað ef tekið er mið af námsefninu. *Ástráður*, verkefni læknanema, hefur verið kynnt á unglingastigi í tveimur skólum og einnig í FG.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er vannýtt verkfæri í skólunum en hann var lögfestur árið 2013. Barnasáttmálinn byggir á mannréttindum, lýðræði og réttindafræðslu barna. Megin markimið hans er að börn alist upp við það að þau hafi rödd.

Segja má að vitundarvakning Velferðarráðuneytisins hafi komið af stað hreyfingu í málefnum um kynferðisofbeldi í samfélaginu. Á síðastliðnum árum hefur talsvert komið út af nýju efni og ljóst að mikilvægt er að fylgjast vel með framboði á nýju forvarnarefni í gegnum vef vitundarvakningarinnar.

6.2. Yfirlit yfir verkefni, námsefni og fleira

Flokkur	Stig	Verkefni og tegund	Leikskólar	Hjallastefnan	Flataskóli	Hofsstaðaskóli	Sjálandsskóli	Alftanesskóli	Garðaskóli	FG
Jafnrétti	L	Ég á tvær mömmur og engan pabba · B.Ed. verkefni um fjölskyldugerðir	x							
Jafnrétti	L	Tumi og Magga · Um vináttu stráks og stúlku	x							
Jafnrétti	L	Þú ert frábær · Bók um margbreytileikann	x							
Ofbeldi	L	Þetta er líkaminn minn · Bókin er gefin út af Barnaheill	x	x	x					
Ofbeldi	L	Þetta eru mínir einkastaðir · Bókin er um líkamann og heilbrigð samskipti		x	x	/				
Jafnrétti	L-Y	Þegar Friðrik var Friða og Þegar Rósa var Ragnar · Kynhlutverk og jafnrétti	x			/				
Velferð	Y	Spor 1 -4 klípusögur · Lífleiknibækur fyrir yngsta stig				x		x		
Ofbeldi	Y	„Krakkarnir í hverfinu“ · Ofbeldi í heimahúsum og kynferðislegt ofbeldi		x	x	x	x	x		
Ofbeldi	Y	„Leyndarmálið“ · Íslensk Teiknimynd á netinu fyrir 3.bekk		x	x	x	x	x		
Kyn. – Ofb.	Y	Komdu og skoðaðu líkamann · Fjallað um gerð líkamans, starfsemi hans		x	x	x				
Velferð	Y	Stig af stigi · Kennslukassi: Brúðuleikhús og myndaspjöld			x					
Kynheilbrigði	M	Maðurinn, hugur og heilsa · Grunnbók um mannlíkamann fyrir miðstig			x	x		x		
Kynheilbrigði	M	„Ertu“ · Vinnubók fyrir nemendur: Lífsleikni; sjálfsþekking o.fl.				/		x		
Jafnrétti	M	„Ég er bara ég“ · Kennsluleiðbeiningar - þemahefti um jafnrétti		x	x	/		x		
Velferð	M-U-H	Að ná tökum á tilverunni · Nemenda- foreldra- og kennarahandbók			x	/				
Kynheilbrigði	M-U	Tölum saman · Fundir og fræðslubæklingar um kynlíf og kynhegðun		x				x		
Kynheilbrigði	M-U-F	Kynfræðsluvefurinn · Fræðsluvefur um kynlíf, kynþroska- og heilbrigði		x		/		/		
Jafnrétti	U	Samræða í dagsins önn · Verkefnabanki Heimspekisorgsins, jafnrétti, o.fl.							x	
Jafnrétti	U	Þjóðfélagsfræði og á ferð um samfélagið · Kynhlutverk, jafnrétti, staðalm.						x	x	
Jafnr. – kynh.	U	Kynungabók · Viðfangsefni: Jafnrétti kynjanna, kynheilbrigði o.fl.			/	x			x	
Kynheilbrigði	U	Mannlíkaminn · Æxlun mannsins, getnaðarvarnir, kynsjúkdómar						x	x	
Ofbeldi	U	Fáðu já · Fræðslu -og forvarnarmynd fyrir 10. b. gegn kynferðisl. ofbeldi				/	x	x	x	
jafnrétti	U	Könnun – Jafnrétti · Hótel heimili, verkaskipting á heimilum						/	x	
Jafnrétti	U-F	Silvía og Darri · Leikin íslensk fræðslumynd um ungt par						x		
Kynheilbrigði	U-F	Ástráður · Forvarnastarf læknanema					x	x		x
Kynheilbrigði	U-F	Sigga Dögg – Kynfræðingur · Kynfræðsla fyrir ungt fólk					x	x		
Lífsleikni	Ö-S	Nám í skóla um hamingju og velferð · Að sitja fíl · Handbók í lífsleikni				x		x		
Jafnrétti	Ö-S	Jafnréttishandbókin · Handbók um jafnrétti - Kennaraefni		x	x	/		x		
Velferð	Ö-S	Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna · Fróðleikur, verkefni, leikir o.fl.		x				x	x	
Ofbeldi	Ö-S	Samtökin Blátt áfram · Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi	x	x	/	/	x	x	x	
Jafnrétti	Ö-S	Jafnréttisstefna · Jafnréttisstefna/áætlun		x	x	x	x	x	x	x
Velferð	Ö-S-H	Netöryggi: Klám og netnotkun · Fræðsla og úrræði fyrir börn, Netorðin 5		x		x		x		

Tafla 2. Verkefni og tegund forvarvarnefnis var greint í eftirfarandi þrjá undirflokkka, en þeir heyra allir undir yfirheitið velferð. Flokkarnir eru: Jafnrétti, kynheilbrigði og ofbeldi.

7. Næstu skref

7.1. Forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn ofbeldi gagnvart börnum og fræðsluáætlun um jafnrétti, kynheilbrigði og velferð

Desember 2013 – 1. júní 2014

Nóvember. Stöðuskýrsla tilbúin.

Þá hefst annar verkþáttur verkefnisins sem felur í sér að búa til:

1. Samin verði forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi gegn börnum
2. Samin verði fræðsluáætlun er varðar jafnrétti, kynheilbrigði og ofbeldi fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra allra skólastiga

Gert er ráð fyrir að vinna við gerð áætlanna standi yfir í vetur, eða til 1. júní 2014. Samstarfshópnum verður skipt upp í minni vinnuhópa.

Afurð:

- c) Tilbúin áætlun kynnt í skólasamfélaginu og birt á vefsíðum allra skólanna.
- d) Tilbúin áætlun sem gefur leiðbeiningar um hvaða verkþættir eiga að vera til staðar í skólanámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsmiðstöðva og íþróttafélaga í Garðabæ. Áætluninni fylgir viðauki sem geymir verkefnabanka, kennsluleiðbeiningar og ábendingar um námsefni og aðferðir sem gott er að beita í kynjafræðimenntun.

Nú verður hafist handa við að móta fræðslu- og forvarnaráætlanir fyrir Garðabæ. Sú vinna hefst í byrjun desember 2013 og stendur sú vinna yfir til júní 2014.

Vert er að hafa til hliðsjónar það efni sem bent er sérstaklega á, á vef Vitundarvakningarinnar. Þar má meðal annars finna tillögur að fyrirmyndarskóla þegar kemur að kynferðisofbeldi, með tilliti til forvarna, fræðslu og eftirfylgni sem fram komu í október 2012¹⁵, en þær eru eftirfarandi:

- **Upphaf skólaárs:** Boðið upp á kynningu fyrir allt starfsfólk um kynferðisofbeldi og hvernig bregðast skuli við ef nemandi greinir frá því að hann/hún hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi eða öðrum tegundum ofbeldis, s.s. líkamlegu og andlegu ofbeldi eða vanrækslu. Börn velja oft ólíkt fólk til að setja traust sitt á og því er mikilvægt að allt starfsfólk skólans hafi grunnþekkingu á hvernig megi bregðast við upplýsingum, s.s. að hrósa barninu fyrir að segja frá og sýna ekki neikvæð viðbrögð.
- **Viðbragðsáætlun:** Hver skóli þarf að hafa áætlun um hvernig bregðast skuli við þegar barn greinir frá því að hafa sætt kynferðislegu ofbeldi. Þetta á að vera hluti af áfallaáætlun skólans.

¹⁵ Vefur vitundarvakningarinnar: <http://www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning/efni-fra-skolum/>

- **Nemendaverndarráð:** Innan nemendaverndarráðs sé aðili sem hefur þjálfun í að ræða þessi málefni við nemendur. Það er hlutverk skólastjóra að gæta þess að innan ráðsins sé einhver sem leita má til um mál tengd kynferðisofbeldi.
- **Fræðslu þarf að hefja snemma:** Fræðslu um kynferðisofbeldi þarf að hefja snemma og gæta að aldri og þroska nemenda. Hún þarf að hanga saman við almenna fræðslu um jafnréttismál. Sýna þarf þann sveigjanleika að stundum geta nemendur í einum árgangi verið þroskaðri en nemendur á sama aldri í fyrri árgöngum og því þurfi þeir fræðslu fyrir en venja er.
- **Foreldrafræðsla:** Samhliða þarf að bjóða foreldrum upp á fræðslu svo þeim finnist þeir vera færir um að ræða ofbeldi við börn sín. Skoða má hvort ástæða sé til að ræða sérstaklega við feður og sérstaklega við mæður, geti það auðveldað umræðu.
- **Lykilstarfsmenn:** Skólahjúkrunarfræðingar og námsráðgjafar þurfa að vera í nægilega háu starfshlutfalli til að geta sinnt þeim börnum sem leita til þeirra. Þá þarf að vera skýrt hvernig hjúkrunarfræðingar koma að fræðslu um þetta kynferðisofbeldi.
 - Viðbrögð ef barn í skólanum hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi:
 - Áfallaáætlun geymi ákvæði um viðbrögð við kynferðisofbeldi.
 - Viðbragðsáætlun vegna ofbeldis sé vel kynnt í öllu skólasamfélaginu þannig að öllum sé ljóst að skólinn taki ofbeldi alvarlega. Sama gildir um viðbrögð ef kynferðisofbeldi á sér stað í skólanum milli nemenda
 - Tilkynningarskylda hvers starfsmanns skóla sé vel kynnt og í heiðri höfð. Þegar haft er samband við barnaverndarnefnd er mikilvægt að skýrt komi fram að um grun um kynferðisofbeldi sé að ræða.

HEIMILDASKRÁ

- 6H heilsunnar (2013). Sótt 11. október 2013 á: <http://www.6h.is/>
- Alþjóðaskólinn. (2013). Sótt 24. nóvember 2013 af: <http://www.internationalschool.is/>
- Álftanesskóli. (2013). Sótt 12. október 2013 af: <http://www.alftanesskoli.is/>
- Árný Elíasdóttir og Ragnhildur Þórarinsdóttir. (2013). *Úttekt á starfsmi Fjölbautaskólans í Garðabæ. Unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið í maí 2013*. Reykjavík: Attentus, mannauður og ráðgjöf. Sótt 24. október 2013 á: http://fg.is/files/Skra_0063853.pdf
- Ársskýrsla Álftanesskóla 2012 - 2013. (2013). Garðabær: Álftanesskóli. Sótt 11. október 2013 af: <http://www.alftanesskoli.is/library/Skrar/Efni-2013---2014/Ársskýrsla 2012-2013-Heild.10.10.13.pdf>
- Ársskýrsla Flataskóla 2012 - 2013. (2013) Garðabær: Flataskóli. Sótt 11. október 2013 af: http://www.flataskoli.is/library/Files/arsskyrslur/Aðal_ársskýrsla_12-13.pdf
- Ársskýrsla Garðaskóla 2012 - 2013. (2013). Garðabær: Garðaskóli. Sótt 12. október 2013 af: <http://www5.gardaskoli.is/library/Files/skolanamskra/Ársskýrsla 2013.pdf>
- Ársskýrsla Hofsstadaskóla 2012 - 2013. (2013). Garðabær: Hofsstadaskóli. Sótt 12. október 2013 af: http://hofstadaskoli.is/library/Skrar/utgafa-og-skyrslur/ÁrsskýrslaHSK12_13.pdf
- Ársskýrsla Sjólandsskóla 2012 - 2013. (2013). Garðabær: Sjólandsskóli. Sótt 23. október 2013 af: <http://www.sjalandsskoli.is/library/Files/utgafa/skolaskyrsla2013.pdf>
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (2013). Sótt 2. desember 2013 á: <http://www.barnasattmali.is/>
- Council of Europe. (2007). *Evrópuráðssamningur um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum* (Safn Evrópuráðssamninga – nr. 201). Lanzarote: Council of Europe.
- Fjölbautaskólinn í Garðabæ. (2013). Sótt 24. október 2013 af: <http://fg.is/>
- Flataskóli. (2013). Sótt 23. nóvember 2013 af <http://flataskoli.is/>
- Garðaskóli. (2013). Sótt 11. nóvember 2013 af: <http://www.gardaskoli.is/>
- Grunnstöð Garðabæjar. (2013). Tengiliður Kristbjörg Ágústsdóttir. Sótt 8. desember á: <http://www.gardabaer.is/thjonusta-i-gardabae/skolar-og-menntun/grunnskolar/grunnstod-gardabaejar/>
- Hjallastefnan. (2013). Sótt 23. október 2013 af: <http://www.hjalli.is/>
- Heilsugæslan í Garðabæ. (2013). Tengiliður Sigrún hjúkrunarfræðingur í Flataskóla.
- Klifid skapandi fræðslusetur. (2013). Sótt 2. desember 2013 á: <http://www.klifid.is/>
- Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). *Jafnrétti. Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Námsgagnastofnun.
- Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir. (2013). *Heilbrigði og velferð: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Námsgagnastofnun.
- Sjólandsskóli. (2013). Sótt 25. október 2013 af: <http://sjalandsskoli.is/>
- Skólanámskrá Sjólandsskóla. Almennur hluti. (2009-2010.). Garðabær: Sjólandsskóli. Sótt 25. október 2013 af <http://www.sjalandsskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=90209>

- Starfsáætlun Álftanesskóla 2013-2014.* (2013). Garðabær: Álftanesskóli. Sótt 30. október 2013 af <http://www.alftanesskoli.is/skolinn/starfsaaetlun/>
- Starfsáætlun Flataskóla.* (2013-2014). Garðabær: Flataskóli. Sótt 28. október 2013 af <http://flataskoli.is/library/Files/Starfsaaetlanir/Starfs%C3%A1%C3%A6tlunFlatask%C3%B3la2013-2014.pdf>
- Starfsáætlun Garðaskóla 2012 - 2013.* (2012-2013). Garðabær: Garðaskóli. Sótt 30. október 2013 af <http://gardaskoli.is/library/Files/skolanamskra/Starfs%C3%A1%C3%A6tlunGar%C3%B0ask%C3%B3la2012-2013.pdf>
- Starfsáætlun Hofsstaðaskóla.* (2013). Garðabær: Hofsstaðaskóli.
- Stjarnan.* (2013). Sótt 15. október 2013 á: <http://stjarnan.is/>
- UMF Stjarnan. Ársskýrsla 2012.* (2013). Garðabær: UMF Stjarnan. Sótt 30. október 2013 af <http://stjarnanadalstjorn.files.wordpress.com/2013/05/umf-stjarnan-c3a1rsskc3bdrsla-2012.pdf>
- Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum.* (2013). Sótt 21. október 2013 af: <http://www.velferdarraduneyti.is/vitundarvakning/>

Nafnalisti: Samráðshópur

	Tengiliður	Netfang:	Samstarfsaðili:
1	Anna Magnea Hreinsdóttir	annah@gardabaer.is	Leikskóladeild Garðabæjar
2	Arndís Harpa Einarsdóttir	harpae@hofsstadaskoli.is	Hofsstaðaskóli, námsráðgjafi
3	Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir	agustas@flataskoli.is	Flataskóli
4	Ágústa Guðmundsdóttir	agusta@klifid.is	Klifið skapandi fræðslusetur
5	Ása Lind Finnbogadóttir	asaf@fg.is	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
6	Ásdís Björnsdóttir,	asdisb@fg.is	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
7	Ásta Gunnarsdóttir	astag@gardaskoli.is	Garðaskóli
8	Ásta B. Jónsdóttir	astab@flataskoli.is	Flataskóli
9	Ásta Sölvadóttir	klifid@klifid.is	Menntaklifið
10	Ástrós Anna	astrosanna@gmail.com	Menntaskólinn í Hamrahlíð
11	Bryndís Hrönn	bryndishronn@hjalli.is	Vífilsskóli
12	Brynhildur Sigurðardóttir	brynhildur@gardaskoli.is	Garðaskóli
13	Elísabet Gunnarsdóttir	elisabetgu@alftanesskoli.is	Álftanesskóli
14	Eyrún Engilbertsdóttir	eyrun93@gmail.com	Menntaskólinn í Hamrahlíð
15	Guðrún Helga Sigurðardóttir	gudrunsig@hofsstadaskoli.is	Hofsstaðaskóli
16	Gunnar Richardson	gunnarRich@gardabaer.is	Forvarnarnefnd Garðabæjar
17	Harpa Maren Sigurgeirsdóttir	harpamaren@sjalandsskoli.is	Sjalandsskóli
18	Helga Vala Gunnarsdóttir	helgav@sjalandsskoli.is	Félagsmiðstöðin Klakinn
19	Íris Erlingsdóttir	iris@stjarnan.is	Stjarnan
20	Jóhann Steinar Ingimundarson	Hlidarbyggd9@hotmail.com	Ungmennafélagið Stjarnan
21	Katrín Friðriksdóttir	katrinf@gardabaer.is	Grunnskólafulltrúi, Garðabær
22	Kári Jónsson	karijo@gardabaer.is	Íþrótt- og tómstundaráð Garðabæjar
23	Kristbjörg Ágústsdóttir	ka@fjolsvidur.is	Grunnstof Garðabæjar, foreldrar
24	Laufey Ólafsdóttir	laufeyo@tongar.is	Tónlistarskóli Garðabæjar
25	Margrét Björk Svavarsdóttir	margretsv@gardabaer.is	Fræðslu- og menningarsvið Garðabæjar
26	Rakel Svansdóttir	rakels@flataskoli.is	Flataskóli
27	Sigrún Fjola Hilmarsson	sigrunfh@fg.is	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
28	Steinunn Sigurbergisdóttir	steinunn.sigurbergisdottir@alftanesskoli.is	Félagsmiðstöðin Elítan, Álftanesskóli
29	Tinna Guðrún Barkardóttir	tinna@gardaskoli.is	Garðaskóli/Garðalundur
30	Þorgerður Anna Arnardóttir	thaa@hjalli.is	Leik- og barnaskóli Hjallastefnunnar á Vífilstöðum
31	Sigrún hjúkrunarfræðingur	gardaskoli@heilsugaeslan.is	Heilsugæslan í Garðabæ